

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

126. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 4. janúar kl. 15:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá.

## 1. Viðræður við skólastjóra leikskóla (kl. 15)

- Skóladagatal.
- Lokun á aðfangadag og gamlársgangur.

## 2. Viðræður við skólastjóra grunnskóla (kl. 15.30)

- Athugasemdir Menntamálaráðuneytis vegna fjölda skóladaga 2010-2011.
- Forföll
- Námskeið TMF fyrir foreldra og kennara barna með skriftar- og lestrarörðugleika.

## 3. Málefni skólabúða í Reykjaskóla.

Dreifnám á Hvammstanga haustið 2012.

Afgreiðslur.

1. Borghildur H Haraldsdóttir lýsti sig vanhæfa undir þessum lið. Leikskólastjóri kynnti ósk sína um verklagsreglur varðandi mögulega lokun utan samþykkt skóladagatal. Samkvæmt samþykktu skóladagatali fyrir árið 2011-2012 er einn námskeiðsdagur og þrjú skipulagsdagar. Meirihluti fræðsluráðs leggur til að leikskólastjóri fái sveigjanleika til að koma með ósk sína um óvænta lokun til fræðsluráðs og þar verði það metið hvort hægt sé að verða við óskinni hverju sinni. Formaður fræðsluráðs lýsir sig andvíga tillögunni og telur að ekki eigi að koma til fleiri lokana á hverju skólaári en skóladagatal segir til um nema af óviðráðanlegum orsökum.

Leikskólastjóri kynnti ósk sína um lokun í leikskólanum Ásgarði á gamlársgang og aðfangadag. Fræðsluráð leggur til að leikskólastjóri kynni ósk sína fyrir sveitastjórn.

2. Fræðsluráð óskar Grunnskólanum í Húnaþingi vestra til hamingju með grænánann. Formleg afhending fánans verður 6. Janúar.

Skólastjóri útskýrði hvers vegna fjöldi skóladaga hefði verið 179 dagar í stað 180 daga skólaárið 2010-2011. Skólastjóri færði inn óveðursdag sem lokun, en svo var ekki.

Skólastjóri gerði grein fyrir samantekt sinni á forföllum í grunnskólanum. Fræðsluráð leggur til að fræðslu- og félagsmálastjóri ásamt skólastjóra geri greiningu á forföllum meðal starfsmanna skólans og komi fram með tillögum um hvernig megi minnka þau.

Fyrsta námskeið fræðslu og velferðarsviðs var haldið í Grunnskóla Húnaþings vestra á starfsdegi skólans þann 2. janúar með foreldrum og kennurum barna með skriftar- og lestrarerfiðleika. Námskeiðið var til að kynna tölvur sem kennslutæki og verkfæri fyrir nemendur með skriftar- og lestrarerfiðleika. Einnig voru forritin Foxit reader og Easy Tutor kynnt sem skólinn er nú þegar kominn með. Fræðsluráð vill færa sérstakar þakkir til Húsfreyja á Vatnsnesi sem gáfu skólanum Easy Tutor leyfi.

3. Í samræmi við afgreiðslu á 718. fundi byggðarráðs mun fræðsluráð annast þau verkefni sem fagnefnd skólabúðanna á Reykjum hefur sinnt, eftir að nefndin var lögð niður. Formaður kynnti fyrir nefndarmönnum hver helstu verkefni eru. Viðeigandi breyting verður gerð á samþykkt um stjórn og fundarsköp í Húnaþingi vestra.

Fræðsluráð fagnar fyrirhuguðum áformum og fjárveitingu ríkissjóðs til reksturs framhaldsdeildar á Hvammstanga og hvetur íbúa Húnaþings vestra til þess að nýta sér þetta aukna aðgengi og tækifæri til náms.

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir og Ragnheiður Sveinsdóttir sitja fundinn sem fulltrúar starfsfólks grunnskóla. Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir situr fundinn sem fulltrúi starfsfólks leikskóla og Selma Klara Gunnarsdóttir situr fundinn fyrir hönd foreldra leikskólabarna. Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttir, fræðslu-og félagsmálastjóra.

Fundargerð upplestin og samþykkt  
Rakel Runólfsson(sign.),  
Gísli G.Magnússon(sign.),  
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),

Fundi slitið kl: 16.40  
Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),  
Valdimar H. Gunnlaugsson(sign.).